

**SAMKOMULAG**

**LANDSNETS HF.**

OG


**HAFNARFJARÐARBÆJAR**

UM

**UPPBYGGINGU  
FLUTNINGSKERFIS  
RAFORKU**

---

Ágúst 2009

	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	25.8.2009
Málsnr:	0703293
Prófal:	652.2

14

## Samkomulag um uppbyggingu flutningskerfis raforku

Aðilar þessa samkomulags eru **Landsnet hf.**, kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, Reykjavík, sem flutningsfyrirtæki raforku, sbr. aðallega III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, annars vegar og hins vegar **Hafnarfjarðarbær**, kt. 590169-7579, sem sveitarfélag og ábyrgðaraðili fyrir gerð aðalskipulags, sbr. aðallega sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.

1. gr.

### *Markmið og skyldur aðila*

Landsnet starfar á grundvelli laga um stofnun Landsnets, nr. 75/2004, og raforkulaga, nr. 65/2003. Í lögnum er m.a. kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli byggja flutningskerfi raforku upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Í ljósi þessa hefur Landsnet einkum horft til þess að byggja loftlínur þar sem þær uppfylla þessar kröfur laganna betur en aðrir kostir, einkum þar sem um er að ræða háspennulínur fyrir 220-400 kV. Samkvæmt raforkulögum hefur Orkustofnun eftirlit með starfsemi Landsnets.

Landsneti er nauðsyn að bæta hið almenna flutningskerfi raforku með því að leggja nýjar háspennulínur um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar, sbr. nánar 2. gr. Hefur Landsnet óskað eftir því að tillögur fyrirtækisins um breytingar á flutningskerfinu verði teknar til meðferðar af skipulagsyfirvöldum Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbær ber ábyrgð á gerð skipulags í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025, var staðfest hinn 18. maí 2007, sbr. augl. B-deild Stjórnartíðinda, nr. 502/2007.

Með samkomulagi þessu vilja Landsnet og Hafnarfjarðarbær tryggja að við nauðsynlega uppbyggingu flutningskerfisins sé komið til móts við sjónarmið og stefnumörkun sveitarfélagsins að því marki sem unnt er með vísan til framangreindra skyldna Landsnets. Í því felst m.a. að leitað verði allra leiða til að lágmarka kostnaðarþátttöku Hafnarfjarðarbæjar í framkvæmdum við breytingar og uppbyggingu flutningskerfisins. Einnig að reynt sé að fylgja í hvívetna þeim markmiðum sem sett eru fram í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 m.a. með tengivirkjum og jarðstrengjum þar sem því verður við komið.

2. gr.

### *Forsendur framkvæmda*

Áætlanir Landsnets byggja á þeirri almennu forsendu að styrkja flutningskerfið á Suðvesturlandi frá Hellisheiði að Geithálsi og Hafnarfirði og þaðan út á Reykjanesskaga að Helguvík og Reykjanesvirkjun, þannig að það sé í stakk búið til að mæta framtíðaráformum um orkuflutning á svæðinu, jafnt fyrir atvinnustarfsemi og til almannanota. Aukin framleiðsla raforku kallar á viðbótarlínur frá virkjunum og á sama hátt kallar aukin úttekt á raforku á aukna flutningsgetu til kaupenda. Hér er um að ræða m.a. byggingu álvers í Helguvík, byggingu netþjónabús Verne Holdings og endurnýjun og endurbætur núverandi álvers í Straumsvík. Forsendur framkvæmda sem gætu haft áhrif á framkvæmdahraða og kostnað sem gert er ráð fyrir í þessu samkomulagi eru m.a. að ráðist verði í fleiri verkefni á sviði orkufreks iðnaðar, s.s. stækkun álvera á svæðinu, aukningu netþjónabúa, kísilmálmvinnslu eða tengingu nýrra raforkuvera við meginflutningskerfið. Áætlanir Hafnarfjarðar sem gera ráð fyrir uppbyggingu hafnar- og iðnaðarsvæðis vestan Straumsvíkur geta einnig haft áhrif á framkvæmdahraða (sjá fylgiskjal: Verklýsing dags. 30. september 2008, kafla 1, tilgangur og markmið).

3. gr.

*Breytingar á flutningskerfi/Lýsing á framkvæmdum*

Landsnet hyggst styrkja flutningskerfið á Reykjanesi og bæta tengingu þess við meginflutningskerfi landsins með því að byggja í áföngum tvær nýjar háspennulínur frá tengivirki við Sandskeið að tengivirki á Njarðvíkurheiði. Vegna þessara breytinga á flutningskerfinu verða Hamraneslínur 1 og 2 og núverandi Suðurnesjalína úreldar og því fjarlægðar. Jafnframt verða þær breytingar gerðar á flutningskerfinu í Hafnarfjarðarbæ að tengivirki í Hamranesi verður breytt í aðveitustöð en nýtt tengivirki reist í Hrauntungum. Vegna þessa verða tvær háspennulínur, Ísal-línur 1 og 2, færðar frá tengivirki í Hamranesi en munu þess í stað liggja frá tengivirki í Hrauntungum í beina stefnu að álverinu í Straumsvík. Samhliða verður háspennulína sem nú liggur að Hamranesi frá Stórhöfða (Búrfellslína 3b/Kolviðarhólslína 2) færð að tengivirki í Hrauntungum. Aðveitustöðin í Hamranesi verður tengd með tveimur jarðstrengjum frá tengivirkinu í Hrauntungum. Þar sem fjallað er um framkvæmdir við flutningskerfið í samkomulagi þessu er vísað til þessara framkvæmdaáætlana í heild sinni.

Landsnet ráðgerir að framkvæmdir við flutningskerfið verði í þremur áföngum er komi að fullu til framkvæmda árið 2017.

1. Fyrsti áfanginn (kemur nú þegar til framkvæmda og lýkur 2011):

- a. Byggð verður háspennulína frá tengivirki við Kolviðarhól og að tengivirki á Njarðvíkurheiði. Frá tengivirki við Kolviðarhól liggur línan samhliða núverandi háspennulínunum (Kolviðarhólslína 1 og Búrfellslína 3A) að Sandskeiði. Frá Sandskeiði liggur línan samhliða núverandi háspennulínu (Búrfellslína 3b) að Stórhöfða. Frá Stórhöfða að Suðurnesjalínu 1 verður línan byggð í nýrri línugötu framhjá Hrauntungum og þaðan samhliða núverandi háspennulínu (Suðurnesjalína 1) að tengivirki á Njarðvíkurheiði.
- b. Niðurrif Hamraneslína 1 og 2.
- c. Frá Hrauntungum að horni línugötu við Hraunhelli verður byggð framtíðar Ísallína.
- d. Frá Hraunhelli inn að Hamranesi verður byggð ný lína er tengist tengivirkinu (í stað Hamraneslínu 1 og 2), sem tekin verður aftur niður þegar nýtt tengivirki í Hrauntungum verður byggt.
- e. Frá Hrauntungum að Hamranesi verður lagður nýr jarðstrengur sem tengist nýrri línu að Njarðvíkurheiði og mun tengja Hamranes við tengivirki í Hrauntungum þegar það verður byggt.
- f. Jarðvegsmön norðan við Hamranesstöð við Ásvallabraut verði stækkuð í samræmi við tillögur Línuhönnunar fyrir Landsnet frá 17. september 2008.

2. Annar áfangi (framkvæmdir á árunum 2012-2015):

- a. Nýtt tengivirki byggt á Sandskeiði.
- b. Byggð verður háspennulína frá tengivirki á Sandskeiði samhliða línu í áfanga 1 og núverandi línu að tengivirki á Njarðvíkurheiði. Ekki er gert ráð fyrir að tengja línuna í Hamranes.
- c. Niðurrif Suðurnesjalínu 1.

3. Þriðji áfangi (framkvæmdum ljúki í síðasta lagi árið 2017):
  - a. Nýtt tengivirki byggt í Hrauntungum.
  - b. Ísal tengt með nýjum línunum við Hrauntungur.
  - c. Ísallínur 1 og 2 rifnar frá Hamranesi að álveri.
  - d. Búrfellslína 3b rifin frá Stórhöfða að Hamranesi.
  - e. Lagður nýr 132 kV jarðstrengur frá Hrauntungum að Hamranesi.
  - f. Ný lína byggð frá Stórhöfða að Hrauntungum.
  - g. Niðurrif á línu frá Hraunhelli að Hamranesi.

Tímasetning á niðurrífi Búrfellslínu 3b sbr. lið 3d verður tekin til skoðunar þegar forsendur varðandi hraða uppbyggingar íbúðasvæða Hamranes 3. og 4. áfanga liggja fyrir.

Erindi Landsnets til Hafnarfjarðarbæjar um breytingar á skipulagi vegna uppbyggingar flutningskerfisins, dags. 30. september 2008, þar sem nánar er gerð grein fyrir þeim framkvæmdum sem lýst er í þessari grein, telst hluti þessa samkomulags (viðauki).

#### 4. gr.

##### *Framkvæmdakostnaður*

Landsnet og Hafnarfjarðarbær eru ásátt um þær framkvæmdir á flutningskerfinu sem lýst er í 3. gr.



Verði framkvæmdir á flutningskerfinu gerðar í þeim áföngum sem lýst er í 3. gr. mun Landsnet bera allan kostnað af þeim, með vísan til lögbundins hlutverks fyrirtækisins. Nú breytast þær forsendur sem Landsnet gefur sér við áfangaskiptingu framkvæmda á flutningskerfinu þannig að flýta þurfi framkvæmdum við áfanga sem lýst er í 3. gr. og ber fyrirtækið þá þann kostnað.

Hafnarfjarðarbær hefur lagt áherslu á að framkvæmdum á flutningskerfinu verði lokið eigi síðar en árið 2015. Sé framkvæmdum á vegum Landsnets flýtt vegna óska sveitarfélags þar að lútandi kveða lagaskyldur er varða tekjuramma og kostnaðarviðmið Landsnets á um að þeim aðila beri að greiða Landsneti svonefndan flýतिकostnað vegna þess að ráðist var í framkvæmdir fyrr en þarfir flutningskerfisins kröfðust.

Eigi síðar en 1. júní 2013 skulu Landsnet og Hafnarfjarðarbær fjalla um þær forsendur sem liggja til grundvallar áfangaskiptingu framkvæmda við flutningskerfið, sbr. 3. gr. Komi þá í ljós að forsendur Landsnets fyrir áfangaskiptingunni, sbr. 2. gr., hafa ekki breyst getur Hafnarfjarðarbær eigi að síður óskað þess að Landsnet hafi lokið framkvæmdum árið 2015. Komi til þessa skulu aðilar gera með sér sérstakt samkomulag um flýतिकostnað og uppgjör á þeim kostnaði.

Forsendur við mat á flýतिकostnaði vegna 3ja áfanga skulu byggjast á þeim útreikningum sem liggja fyrir og kynntir hafa verið samningsaðilum. Áætlaður kostnaður Landsnets er 2.900.000.000 kr og áætlaður flýतिकostnaður 300.000.000 kr. miðað við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 440,9 (ágúst 2008) og gengi evru sé 124 kr.

Ákvörðun kostnaðar Landsnets vegna bóta fyrir notkun lands fyrir ný flutningsmannvirki skal vera í samræmi við gildandi lög og venjur um verðmat fasteignaréttinda sem lögð eru til grundvallar í eignarnámsmálum.

5. gr.

*Hönnun flutningskerfis*

Landsnet mun lágmarka sýnileg áhrif flutningskerfisins innan þess lagaramma sem fyrirtækinu eru sett á hverjum tíma. Meðal annars þannig að mastragerð verði eins umfangslítill og látlau og mögulegt er nærri íbúðabyggð og áhrif aðveitumannvirkja og tengivirki eins lítill og kostur er, sbr. nánar fylgiskjal með samkomulagi þessu, sbr. 3. gr. Vanda skal til hönnunar á nýju tengivirki þannig að það falli vel að aðliggjandi umhverfi.

6. gr.

*Fyrirvarar*

Samkomulag þetta byggir af beggja aðila hálfu á þeirri forsendu að lokið verði við lögbindið ferli vegna skipulagsáætlana, mats á umhverfisáhrifum framkvæmdanna og veitingu framkvæmdaleyfis. Aðilar samkomulagsins munu fyrir sitt leyti reyna að flyta vinnu við skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og útgáfu framkvæmdaleyfis eins og þeim er unnt.

Landsnet setur þann fyrirvara við samkomulag þetta að breytist forsendur fyrirtækisins verulega varðandi efnahagslegar forsendur framkvæmdanna, sbr. 2. og 3. gr., t.d. vegna þess að hætt er við framkvæmdir við orkufrekan iðnað eða þeim frestað, er fyrirtækinu í sjálfsvald sett hvort ráðist verði í fyrirhugaðar framkvæmdir eða ekki. Skal þá þegar hefja viðræður milli aðila um framhald málsins með það að markmiði að lágmarka tjón hvors aðila um sig.

Hafnarfjarðarbær gerir þann fyrirvara að breytist forsendur varðandi aukinn flutning orku til álversins í Straumsvík eða kostnað og tæknilegar lausnir m.a. varðandi öryggi flutningskerfisins, verði teknar upp viðræður um endurmat á forsendum þess að leggja tengingu til álversins í jarðstreng í stað loftlínu, sbr. 3. grein samnings þessa. Landsnet telur að þetta sé fyrst og fremst samningsatriði milli Hafnarfjarðarbæjar og eigenda álversins.

Hafnarfjarðarbær samþykkir að Suðurnesjalínur, hið almenna flutningskerfi, megi standa óbreyttar innan lögsagnarumdæmis sveitarfélagsins í a.m.k. 20 ár frá því hver lína er tekin í notkun. Ef samfelld byggð á svæðinu þróast þannig að háspennulínurnar hamli verulega frekari þróun byggðar á einhverjum hluta línuleiðarinnar eru aðilar sammála um að sá hluti raforkuflutningskerfisins verði færður fjær byggð, ef til þess fást tilskilin leyfi. Munu háspennulínurnar verða færðar eða lagðar í jörð ef kostnaður af slíkum framkvæmdum er sambærilegur og rekstrarlegar forsendur og öryggissjónarmið leyfa. Landsnet ber kostnað við allar slíkar breytingar. Með verulegri hömlun á þróun byggðar eiga aðilar við að svæðið verði ekki skipulagt fyrir íbúðabyggð eða byggð sem er að stærstum hluta íbúabyggð á eðlilegan hátt vegna staðsetningar háspennulínunar. Mat á því ræðst m.a. af því hvers konar landnotkun verður gert ráð fyrir á svæðinu. Þannig er ljóst að ekki þarf að færa línurnar ef um er að ræða iðnaðarsvæði eða sambærileg athafnasvæði.

7. gr.

*Meðferð ágreinings*

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessa samkomulags sem aðilar geta ekki leyst með sátt sín á milli skal leysa úr slíkum ágreiningi fyrir almennum dómstólum.

8. gr.  
Gildistaka



Samkomulag þetta skal gert í tveimur samhljóða eintökum og tekur það gildi við undirritun þeirra. Hvor aðili um sig heldur einu eintaki samkomulagsins.

Reykjavík, 25. ágúst 2009.


F.h. Landsnets hf.,


  
Þórður Guðmundsson forstjóri

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

  
Lúðvík Geirsson bæjarstjóri  


Vottar að undirritun og dagsetningu:

  
107749-3519

  
260663-3809